

## Fastir liðir í helgihaldi Hallgrímskirkju

### Messur og bænastundir vikunnar

Messa alla sunnudaga kl. 11.

Ensk messa kl. 14 síðasta sunnudag hvers mánaðar.

Mánudagar kl. 12:15: Hádegisbænastundir.

Þriðjudagar kl. 10:30: Fyrirbænamessa í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 8: Árdegismessa.

Fimmudagar kl. 12: Kyrrðarstundir.

### Æskulýðsstarf Hallgrímskirkju

Mánudagar kl. 10:45 – 11:45: Krílasálmar í kirkjunni.

Mánudagar kl. 17 - 18: Mömmu- og pabba jóga og dans í kórkjallara.

Mánudagar kl. 18 – 19: Barnadans í kórkjallara

Mánudagar kl. 19 – 19:45: Foreldradansþrek í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 10 - 12: Foreldramorgnar í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 15 – 17: Fermingarfræðsla í kórkjallara.

Þriðjudagar kl. 19:30 – 21:30: Æskulýðsstarfið Örkin í kórkjallara.

### Regular services and events in Hallgrímskirkja:

Mass is celebrated every Sunday at 11 am.

Mass in English - the last Sunday of every month at 2 pm.

Monday at 12:15pm: Noon prayer.

Wednesday at 8am: Morning mass.

Thursday at 12pm: Meditation with organ service.

### Youth and children:

Parent and toddler group meet every Wednesday from 10am - 12pm.

Entrance at the back of the church.

### Á döfinni

**Miðvikudagur 16. október:** Sorgin – ástin – lífið kl. 12 í Norðursal.

Fimm frásagnir á miðvikudögum í október. Ragnar Helgi Ólafsson, rithöfundur og myndlistarmaður flytur erindið: „Bókasafn föður míns“.

**Laugardagur 19. október:** Barokk tónleikar með **Baroque-aros** frá Árósum í Danmörku kl. 17. Miðasala inn á [midi.is](http://midi.is) og í Hallgrímskirkju milli kl. 9 -17.

**Sunnudagur 20. október:** Messa og barnastarf kl. 11.

### Upcoming events

**Saturday 19th October:** Baroque concert with Baroque-aros from Arhus, Denmark at 5pm. Tickets are sold at [midi.is](http://midi.is) and in Hallgrímskirkja between 9-5.

**Sunday 20th October:** Sunday service and Sunday school at 11am.

Heimasíða Hallgrímskirkju er [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)

Endilega smellið „like“ á Facebook og „follow“ á Instagram

Og munið #hallgrimskirkja

Please visit our webpage: [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)

We are also on Facebook and on Instagram

Hashtag: #hallgrimskirkja

## HALLGRÍMSKIRKJA

### 17. sunnudagur eftir þrenningarhátíð

### Umhverfismessa og barnastarf 13. október kl. 11

#### Grænn sunnudagur

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, séra Irma Sjöfn

Óskarsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson þjóna fyrir altari.

Dr. Mark MacDonald, biskup frumbyggja í Kanada innan

Anglikönsku kirkjunnar prédikar. Messuþjónar aðstoða.

Organisti Björn Steinar Sólbergsson. Félagar úr Schola cantorum

syngja. Rósa Árnadóttir og Ragnheiður Bjarnadóttir stýra

barnastarfinu.

### Safnað er til stuðnings Landverndar

#### Takið virkan þátt í messunni.

### Messuliðina er að finna á bls. 13 í sálmabókinni.

*We welcome you to our church and to participate in the liturgy. The hymn-numbers can be seen below. We invite you to come and share at the table*

Forspil: Lobe den Herren op. 65 nr. 58, *Sigfried Karg-Elert*

3 Lofið vorn Drottinn

30 Lof sé þér Guð

Í svörtum himingeimi (á miðjusíðu)

-----  
**Kórsöngur eftir prédikun:** Hróp mitt er þögult, *Ragnheiður Gröndal / Sigurður Pálsson – Gunnar Gunnarsson raddsetti*

47 Gegnum Jesú

**Friðarkveðja:** Friðarkveðjan er látin ganga á milli allra með orðunum:

*Friður sé með þér. Svar: Og með þér.*

**Passing of the peace:** *Peace be with you. Reply: And also with you*

Undir útdeilingu:

Jesús Kristur, lífsins ljómi, *Sigurbjörn Einarsson / raddsetn: J.S.B.*

Jesus Christus, unser Heiland BWV 666, *Johann Sebastian Bach*

26 Nú gjaldi Guði þökk hans

Eftirspil: Nun danket alle Gott op. 65 nr. 59, *Sigfried Karg-Elert*

**Kaffisopi í Suðursal eftir messu  
Coffee in the south hall after the service**

### Lexía: Jesaja 1.16-17

Þvoíð yður! Hreinsið yður! Fjarlægíð illvirki yðar frá augum mínum.  
Hættið að gera illt, lærið að gera gott, leitið réttarins, hjálpið hinum kúgaða.  
Rekið réttar munaðarleysingjans. Verjið mál ekkjunnar.

### Pistill: Postulasagan 3.1-8

Pétur og Jóhannes gengu upp í helgidóminn til síðdegisbæna. Þá var þangað borinn maður, lami frá móðurlífi, er dag hvern var settur við þær dyr helgidómsins sem nefndar eru Fögrudyr til að beiðast ölmusu af þeim er inn gengu í helgidóminn. Er hann sá þá Pétur og Jóhannes á leið inn í helgidóminn baðst hann ölmusu. Þeir horfðu fast á hann og Pétur sagði: „Lít þú á okkur.“ Hann starði á þá í von um að fá eitthvað hjá þeim. Pétur sagði: „Silfur og gull á ég ekki en það sem ég hef, það gef ég þér: Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, státt upp og gakk!“ Og hann tók í hægri hönd honum og reisti hann upp. Jafnskjótt urðu fætur hans og ökkjar styrkir, hann spratt upp, stóð í fætur og tók að ganga. Hann fór inn með þeim í helgidóminn, gekk um og stökk og lofaði Guð.

### Guðspjall: Markúsarguðspjall 9.17-24

En einn úr mannfjöldanum svaraði honum: „Meistari, ég færði til þín son minn sem er haldinn illum anda svo að hann getur ekki talað. Hvar sem andinn grípur hann slengir hann honum flötum og hann froðufellir, gnistir tönnum og stirðnar upp. Ég bað lærisveina þína að reka hann út en þeir gátu það ekki.“ Jesús svarar þeim: „Þú vantrúa kynslóð, hversu lengi á ég að vera hjá ykkur? Hversu lengi á ég að umbera ykkur? Færið hann til mín.“ Þeir færðu hann þá til Jesú en um leið og andinn sá hann teygði hann drenginn ákaflega, hann féll til jarðar, veltist um og froðufelldi. Jesús spurði þá föður hans: „Hve lengi hefur honum liðið svo?“ Faðirinn sagði: „Frá bernsku. Og oft hefur illi andinn kastað honum bæði í eld og vatn til að fyrirfara honum. En ef þú getur nokkuð þá sjá aumur á okkur og hjálpa okkur.“ Jesús sagði við hann: „Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.“ Jafnskjótt hrópaði faðir sveinsins: „Ég trúi, hjálpa þú vantrú minni.“

### Gospel: Mark 9: 17-24

A man in the crowd answered, “Teacher, I brought you my son, who is possessed by a spirit that has robbed him of speech. Whenever it seizes him, it throws him to the ground. He foams at the mouth, gnashes his teeth and becomes rigid. I asked your disciples to drive out the spirit, but they could not.” “You unbelieving generation,” Jesus replied, “how long shall I stay with you? How long shall I put up with you? Bring the boy to me.” So they brought him. When the spirit saw Jesus, it immediately threw the boy into a convulsion. He fell to the ground and rolled around, foaming at the mouth. Jesus asked the boy’s father, “How long has he been like this?” “From childhood,” he answered. “It has often thrown him into fire or water to kill him. But if you can do anything, take pity on us and help us.” “If you can?” said Jesus. “Everything is possible for one who believes.” Immediately the boy’s father exclaimed, “I do believe; help me overcome my unbelief!”

## Í svörtum himingeimi

F B $\flat$  Gm C

1. Í svört-um him - in-geim - i heið-björt skín blá heill - a -

E $\flat$  Gm $^7$  F B $\flat$  C(sus $^4$ ) C Am

stjarn - a, dýr-mæt sköp-un þín. Í okk-ar for - sjá fal - in er að

Gm F/A B $\flat$  Gm $^7$ /C F

far - a með á all - an hátt til dýrð - ar þér.

Gm F/A B $\flat$  Gm $^7$  B $\flat$ /C C $^7$  F

Hal - le - lú - ja. Hal - le - lú - ja.

1. Í svörtum himingeimi heiðbjört skín / blá heillastjarna, dýrmæt sköpun þín.  
Í okkar forsjá falin er / að fara með á allan hátt til dýrðar þér.  
Hallelúja. Hallelúja.
2. Við höfum starfað ökrum hennar á / og okkur bjargir sótt í djúpin blá.  
Hún veitir yndi, yl og skjól / og athvarf undir þinni mildu náðarsól.  
Hallelúja. Hallelúja.
3. En núna bráðna jöklar, brotnar ís / nú brenna skógar hér í paradís  
og eitur þrúgar lög og láð. / Ó ljúfi faðir, gefðu okkur þrek og ráð.  
Hallelúja. Hallelúja.
4. Ó, faðir, gefðu okkur vilja og vit / að vernda hennar fagra stjörnuhlit.  
Gefðu okkur kærleik, kraft og trú / og kjark að standa vörð um allt sem elskar þú.  
Hallelúja. Hallelúja.